



HÁSKÓLI ÍSLANDS

HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ

LÆKNADEILD

Handbók doktorsnema

<https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=3464>

Uppfærð í október 2018

Efnisyfirlit

Velkomin í doktorsnám við Læknadeild	1
Almennar upplýsingar skólaárið 2018-2019	1
Reglur um doktorsnám og doktorspróf við Heilbrigðisvísindasvið	1
Formaður rannsóknánámsnefndar Læknadeildar	1
Verkefnastjóri framhaldsnáms við Læknadeild	2
Fulltrúi framhaldsnáms við Læknadeild	2
Deildarstjóri Læknadeildar	2
Deildarforsetar Læknadeildar	2
Rannsóknarnámsnefnd Læknadeildar, RNN	2
Þjónusta og ráðgjöf fyrir nemendur	3
Ráðgjöf 3	
Þjónusta 3	
Vinnuaðstaða fyrir nemendur	3
Bókasöfn 4	
Heimildaskráningaforrit	4
Styrkir 4	
Bólusetningar nemenda	4
Námsleiðir og námskeið í doktorsnámi	4
Mat á námskeiðum	5
Gestánám 5	
Doktorsverkefni	5
Leiðbeining nemenda	5
Umsjónarkennari og leiðbeinandi	5
Doktorsnefnd	6
Skipt um leiðbeinanda/umsjónarkennara	6
Hlutverk nemenda	6
Námsframvinda og framvinduskýrslur	6
Námsleyfi 7	
Miðbiksmat	7
Skrif og frágangur doktorsritgerðar	7
Skil á lokaverkefni til doktorsvarnar	8
Doktorsvörn	8
Í skilum við bókasöfn	9
Doktorsverkefni brautskráðra doktora frá Læknadeild	9
Reglur um doktorsnám og viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Læknadeild og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands	9
Yfirlit yfir doktorsnám í Læknadeild	10
Námsbyrjun	10
Námsframvinda	11
Námslok	12

Velkomin í doktorsnám við Læknadeild

Í Handbók doktorsnema hafa verið teknar saman ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir nemendur í doktorsnámi. Gerð er grein fyrir þeirri þjónustu sem veitt er og leitast við að útskýra ýmsar reglur, tímamörk, samstarf við kennara og frágang á lokaverkefnum. Einnig er bent á [vef Háskóla Íslands](#) vef [Heilbrigðisvísindasviðs](#) og [vef Læknadeildar](#) þar sem nemendur hafa aðgang að ýmsum hagnýtum upplýsingum sem þeir eru hvattir til að kynna sér. Einnig er bent á upplýsingar um doktorsnám við allar deildir Heilbrigðisvísindasviðs á [Uglu](#). Handbókin er í stöðugri mótun og er uppfærð árlega eða oftár ef þörf krefur. Því er mikilvægt að kennarar og nemendur komi á framfæri ábendingum um efni og framsetningu eftir því sem við á.

Almennar upplýsingar skólaárið 2018-2019

Skrifstofa Læknadeildar er á 4. hæð í Læknagarði við Vatnsmýrarveg 16, sími 525-4881, netfang: medicine@hi.is. Hún er opin virka daga kl. 10:00-16:00. Upplýsingar um netföng, símanúmer o.fl. er að finna á [vef Læknadeildar](#)

Reglur um doktorsnám og doktorspróf við Heilbrigðisvísindasvið

[Reglur nr. 890/2016](#) um doktorsnám og doktorspróf við Heilbrigðisvísindasvið gilda um námið og eru þær settar með hliðsjón af [Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands](#) og [reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009](#). Námið er þriggja ára fræðilegt og verklegt framhaldsnám (rannsóknatengt framhaldsnám), 180 einingar, að loknu MS prófi eða sambærilegu prófi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Prófið er fullgilt til prófgráðunnar philosophiae doctor, PhD. Miðað er við að í eðlilegri námsframvindu sé hámarksnámstími til að ljúka doktorsprófi frá því stúdent var fyrst skrásettur í viðkomandi nám 9 misseri í 180 eininga námi. Doktorsnema er þó heimilt að innritast í hlutanám frá upphafi. Stúdent í hlutanámi skal á hverju háskólaári ljúka a.m.k. helmingi af skilgreindum einingafjölda í fullu námi. Nemandi skal vera skráður og greiða skrásetningargjald allan námstímann. Námið felur í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum með það að markmiði að nemandinn öðlist tilskilinn undirbúning til að starfa sjálfstætt að vísindum.

Formaður rannsóknánámsnefndar Læknadeildar

[Ingibjörg Harðardóttir](#) er formaður rannsóknánámsnefndar (RNN). Hún er forsvarmaður framhaldsnáms við deildina og er fulltrúi Læknadeildar í Doktorsánámsnefnd (DNN) Heilbrigðisvísindasviðs. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi og eru nemendur beðnir um að senda tölvupóst á netfangið ih@hi.is eða hringja í s. 525-4885 ef þeir vilja panta tíma eða ræða sín mál.

Verkefnastjóri framhaldsnáms við Læknadeild

[Heiðrún Hlöðversdóttir](#) er verkefnastjóri framhaldsnáms við Læknadeild. Hún tekur við erindum nemenda og kennara og beinir þeim í réttan farveg. Nemendur eru hvattir til að leita til hennar hafi þeir einhverjar spurningar varðandi námið. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi og eru nemendur beðnir um að senda tölvupóst á netfangið rnn.laeknadeild@hi.is / heidrunh@hi.is eða hringja í s. 525-4864 ef þeir vilja panta tíma eða ræða sín mál.

Fulltrúi framhaldsnáms við Læknadeild

[Ingunn Baldursdóttir](#) er fulltrúi framhaldsnáms við Læknadeild. Hún afgreiðir erindi er varða skráningu eininga, skil á umsóknum og ritgerðum og samskipti við nemendaskrá. Hún er við á skrifstofu Læknadeildar á 4. hæð í Læknagarði virka daga frá kl. 10:00-16:00. Nemendur geta leitað til hennar með fyrirspurnir með því að senda tölvupóst á netfangið ib@hi.is eða hringja í síma 525-4881.

Deildarstjóri Læknadeildar

[Erna Sigurðardóttir](#) er deildarstjóri Læknadeildar, netfang: ernas@hi.is, sími: 525-5889.

Deildarforsetar Læknadeildar

[Engilbert Sigurðsson](#) er deildarforseti Læknadeildar, netfang: engilbs@landspitali.is, sími: 525-4879 og Ingibjörg Harðardóttir er varadeildarforseti Læknadeildar, netfang: ih@hi.is, sími: 525-4885.

Rannsóknarnámsnefnd Læknadeildar, RNN

RNN fer með málefni doktorsnáms við Læknadeild í umboði deildarráðs og í samvinnu við DNN. RNN fjallar faglega um rannsóknaráætlanir og framlagðar doktorsritgerðir. Nefndin sér um að skipulag og framkvæmd framhaldsnáms sé í samræmi við almennar reglur Háskóla Íslands og reglur deildar, stuðlar að uppbyggingu og mótun framhaldsnáms við deildina og tekur á mót og afgreiðir mál nema. Til hennar skal vísa matsmálum, umsóknum um doktorsnám, beiðnum um námsleyfi og öðrum málum er varða skipulag náms og aðstæður nemenda.

Í RNN sitja:

Ingibjörg Harðardóttir , formaður:	ih@hi.is
Jóna Freysdóttir , fulltrúi líf- og læknávisinda:	ionaf@landspitali.is
Martin Ingi Sigurðsson , fulltrúi líf- og læknávisinda:	mingi@hi.is
Margrét Helga Ögmundsdóttir , fulltrúi líf- og læknávisinda:	mho@hi.is
Ragnar G. Bjarnason , fulltrúi líf- og læknávisinda:	ragnarb@landspitali.is
Árni Árnason , fulltrúi Námsbrautar í sjúkrabjálfun:	arnarna@hi.is
Helga Erlendsdóttir , fulltrúi Námsbrautar í geisla- og lífeindafræði:	helgaerl@landspitali.is
Ingólfur Árni Eldjárn , fulltrúi Tannlæknadeildar:	eldjarn@centrum.is
Kristjana Einarsdóttir , fulltrúi Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum:	ke@hi.is
Birna Þorvaldsdóttir , fulltrúi meistara og doktorsnema:	bth60@hi.is

Þjónusta og ráðgjöf fyrir nemendur

Ráðgjöf

Nemendur geta leitað til formanns RNN Ingibjargar Harðardóttur, ih@hi.is, s. 525-4885 eða verkefnisstjóra framhaldsnáms Heiðrúnar Hlöðversdóttur, heidrunh@hi.is, s. 525-4864, lendi þeir í vandræðum með eitthvað tengt náminu, samskiptum við aðra nemendur eða starfsfólk HÍ eða annað sem þeir vilja ræða við þær um.

Þjónusta

[Þjónustuborð á Háskólatorgi](#) veitir margvíslega þjónustu og geti starfsmenn ekki afgreitt málið vísa þeir því rétta leið. Hægt er að senda erindi í tölvupósti á netfangið haskolatorg@hi.is.

[Tölvuþjónusta](#) Upplýsingatæknisviðs Háskóla Íslands veitir upplýsingar og/eða úrlausnir á tölvutengdum vandamálum. Netfang: help@hi.is; Vefur: uts.hi.is; Sími: 525-4222.

[Náms- og starfsráðgjöf](#) veitir ráðgjöf um vinnubrögð í háskólanámi, veitir persónulega og sálfræðilega ráðgjöf og heldur fjölda gagnlegra námskeiða fyrir nemendur, t.d. um námstækni, prófaundirbúning, markmiðssetningu og tímastjórnun.

[Sálfræðiráðgjöf fyrir háskólanemendur](#) veitir nemendum sálfræðilega greiningu, ráðgjöf og stuðning í einstaklingsviðtölum og með hópráðgjöf. Auk þess er boðið upp á örfyrirlestra og námskeið um streitustjórnun, sjálfstyrkingu, svefn og svefnvenjur.

[Sálfræðiráðgjöf háskólanema](#) veitir nemendum m.a. aðstoð við að leysa úr sálrænum vanda og bæta samskipti sín við annað fólk.

[Fagrád um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi](#) tekur við og rannsakar kvartanir og tilkynningar um brot starfsmanna eða nemenda.

[Nemendaskrá](#) heldur skrá yfir alla umsækjendur og nemendur skólans.

[Skrifstofa alþjóðasamskipta](#) annast formleg samskipti við erlendar menntastofnanir og veitir ýmsa þjónustu varðandi alþjóðlegt samstarf.

[Ritver Hugvísindasviðs](#) veitir upplýsingar og leiðbeiningar um ritun á háskólastigi.

[Tungumálamiðstöð](#) skipuleggur margskonar tungumálanámskeið til að mæta þörfum nemenda.

[Félagsstofnun stúdenta](#) er þjónustufyrirtæki í eigu stúdenta við Háskóla Íslands, sem hefur það að leiðarljósi að auka lífsgæði stúdenta.

[Tölfræðiráðgjöf Heilbrigðisvísindasviðs](#) hefur það hlutverk að veita ráðgjöf varðandi tölfræðigreiningu í rannsóknum hjá akademískum starfsmönnum og framhaldsnemum við sviðið. Við Tölfræðiráðgjöfina starfa 3 - 4 sérfræðingar í tölfræði. Hægt er að panta tíma og fá ráðgjöf um tölfræðivinnu í rannsóknum en jafnframt að setja inn stuttar spurningar á Facebook-síðu tölfræðiráðgjafarinnar og fá þar skrifleg svör. Nánari upplýsingar um tölfræðiráðgjöfina og tímapantanir á [síðu tölfræðiráðgjafarinnar](#).

Vinnuaðstaða fyrir nemendur

Doktorsnemar í Læknadeild fá starfsaðstöðu í samráði við umsjónarkennara. Hvorki er sérstök lesaðstaða fyrir framhaldsnema í [Læknagarði](#) né [Stapa](#), önnur en tilheyrir ákveðnum rannsóknarstofum eða námsbrautum. Upplýsingatæknisvið HÍ rekur [tölvuver](#) sem doktorsnemar hafa aðgang að. Á fyrstu hæð í Læknagarði er aðstaða til að matast og [Háma](#) er þar með sölu á mat og dykk.

Umsjónarmaður Læknagarðs er [Páll Mortensen](#) sími: 525-4878 og gsm: 896-1365.

Umsjónarmaður Stapa er [Prymur Sveinsson](#) sími: 525-4366 og gsm: 895-9796.

Bókasöfn

Nemendur geta sótt [bókasafnsþjónustu](#) á ýmsa staði. [Landsbókasafn-Háskólabókasafn](#) er í Þjóðarbóklöðunni og þar er lesaðstaða fyrir nemendur og hópvinnuherbergi sem hægt er að panta. [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH](#) er á Rauðarárstíg 10, 2. hæð. Þar er boðið upp á fjölpætta þjónustu fyrir nemendur og ber þar helst að nefna aðstoð við heimildaleit, kennslu í notkun rafrænna gagnagrunna og heimildaskráningaforrita, millisafnalán og útlán bókakosts sem einkum tekur mið af þörfum heilbrigðisstarfsfólks. Á vef [Heilbrigðisvísindabókasafns](#) er að finna ógrynni efnis ásamt aðgengi að rafrænum gagnasöfnum, rafrænum tímaritum og rafbókum. Nemendur á Heilbrigðisvísindasviði HÍ geta sótt um fjaraðgang að gögnum safnsins að heiman. Sjá nánar á síðunni [Lerki – fjaraðgangur](#) á vef safnsins. Sjá einnig vefi [Hvar.is](#) og [Leitir.is](#) sem opna nemendum leið að fjölbreyttu vísindalegu efni sem stofnanir landsins eru áskrifendur að og landsmenn geta nýtt sér án endurgjalds.

Heimildaskráningaforrit

Nemendur eru hvattir til að tileinka sér notkun heimildaskráningaforrits t.d. [Endnote](#) eða [Endnote Web](#) áður en vinna við lokaverkefni hefst. Það auðveldar bæði utanumhald heimilda og gerð heimildaskrár. Á vef Heilbrigðisvísindabókasafns LSH má nálgast [leiðbeiningar um notkun heimildaskráningaforritsins Endnote Web](#) sem er aðgengilegt öllum landsmönnum á netinu á slóðinni <http://www.myendnoteweb.com/>. Einnig er í boði opin hugbúnaður sem heitir [Zotero](#).

Styrkir

Nemendur þurfa að ráðfæra sig við leiðbeinanda sinn áður en þeir sækja um styrki. Upplýsingar um styrki er m.a. að finna á vef [Skrifstofu alþjóðasamskipta](#) og á vef [Vísinda- og nýsköpunarsviðs](#). Gott er að hafa í huga að gerð styrkumsókna er tímafrekt ferli og því er nauðsynlegt að hefjast handa tímanlega.

Bólusetningar nemenda

Mikilvægt er að nemendur sem vinna með smitefni séu vel upplýstir um áhættuþætti í vinnuumhverfi á rannsóknarstofum og sjúkrahúsum og að viðhafðar séu viðeigandi forvarnir byggðar á verklagsreglum viðkomandi stofnunar.

Námsleiðir og námskeið í doktorsnámi

Doktorsnám við Læknadeild er 180 ECTS einingar. Það felst í þjálfun við undirbúning og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaða, kynningu og rökræðum á eigin rannsóknum í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Auk þess á doktorsnemi að fá þjálfun í að leiðbeina öðrum við framkvæmd rannsókna á sínu fræðasviði og kennslu, ef að aðstæður leyfa.

Nemendum er bent á að kynna sér skipulag þeirrar námsleiðar sem þeir hafa valið og forkröfur fyrir að skrá sig í námskeið. Sjá nánar [Kennsluskrá](#) á vefnum. Boðið er upp á doktorsnám í eftirfarandi greinum í Læknadeild: [Heilbrigðisvísindum LÆK561](#); [Líf- og Læknavísindum LÆK565](#); [Læknavísindum LÆK566](#) og [Lýðheilsuvísindum LÝÐ562](#). Námið

skiptist þannig: Eftir MS-próf (eða samsvarandi próf) er rannsóknarverkefni 150-180 ECTS einingar og námskeið 0-30 ECTS einingar. Öllum doktorsnemum er skylt að ljúka eða hafa lokið námskeiðunum: Almenn tölfraði fyrir meistara- og doktorsnema [LÆK101F](#) (6 ECTS einingar), Almenn aðferðafræði í rannsóknum fyrir meistara- og doktorsnema [LÆK102F](#) (6 ECTS einingar) og Siðfræði rannsókna [HSP073F](#) (3 ECTS). Doktorsnemar sækja og kynna verkefni sín á árlegri Ráðstefnu doktorsnema á vegum Doktorsnámsnefndar Heilbrigðisvísindasviðs.

Mat á námskeiðum

Varðandi mat á námskeiðum sem er lokið áður en nám hófst þá eru námskeið sem nemandi hefur lokið s.l. fimm ár tekin til greina. RNN er jafnframt heimilt að meta námskeið sem nemandi hefur lokið á s.l. 10 árum geti hann sýnt fram á að hann hafi viðhaldið þekkingu sinni á viðkomandi sviði, t.d. í tengslum við starf. Einnig má meta námskeið þar sem ljóst má vera að þekking hefur lítið breyst frá því nemandinn lauk því. Umsókn um mat, undirritaðri af umsjónarkennara ásamt doktorsnema er skilað til verkefnisstjóra rannsóknartengds framhaldsnáms. Eyðublað fyrir mat á námi má nálgast [hér](#) (Word skjal). Umsókn skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um það nám sem óskað er eftir mati á, þ.e. námskeiðsheiti, einingafjöldi, einkunnir, námskeiðslýsingar, nöfn kennara, lýsing á námsmati, afrit af prófskírteini (ef námskeiðin voru ekki í HÍ) o.fl. eftir því sem við á ásamt rökstuðningi fyrir því hvernig námið fellur að námsmarkmiðum í doktorsnámi.

Gestanám

Nemandi sem óskar eftir því að verða gestanemandi við annan háskóla þarf að leggja fram formlega umsókn um gestanám hjá viðkomandi deild eða kennslusviði heimaskóla. Umsóknareyðublað má nálgast [hér](#).

Doktorsverkefni

Vinna við doktorsverkefni getur farið af stað um leið og nemandi hefur hafið samstarf við leiðbeinanda. Nemendur sem innritast án rannsóknaráætlunar þurfa að skila inn rannsóknaráætlun innan 6 mánaða frá innritun. Rannsóknaráætlun er unnin í samstarfi við umsjónakennara og leiðbeinanda, ef um sérstakan leiðbeinanda er að ræða. Mjög mikilvægt er að afmarka verkefnið vel þegar í upphafi. [Umsókn með rannsóknaráætlun](#) er þá útfyllt og skilað til verkefnisstjóra rannsóknartengds framhaldsnáms.

Leiðbeining nemenda

Sérhver doktorsnemi skal hafa umsjónarkennara úr hópi fastra akademískra starfsmanna í viðkomandi deild Háskóla Íslands sem hann ráðfærir sig við um rannsóknarverkefni og annað sem tengist náminu. Nemandinn og leiðbeinandi þurfa að skila undirrituðum samningi um doktorsverkefni til verkefnisstjóra framhaldsnáms í viðtali sem fer fram eftir að rannsóknaráætlun hefur verið samþykkt. Eyðublað samnings má nálgast [hér](#).

Umsjónarkennari og leiðbeinandi

Umsjónarkennari ásamt nemanda leggur fram áætlun um verkefni sem RNN samþykkir. Umsjónarkennari og nemandi gera með sér samning sem kveður á um réttindi og skyldur hvors fyrir sig. Umsjónarkennari og leiðbeinandi skulu að jafnaði vera sami maðurinn. Heimilt er að nemandi hafi utanaðkomandi leiðbeinanda enda uppfylli hann kröfur [reglna um doktorsnám og doktorspróf við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands](#). Ef umsjónarkennari og leiðbeinandi eru ekki sami maðurinn, þá hefur umsjónarkennari umsjón með verkefninu og er ábyrgur fyrir því að það sé í samræmi við kröfur Læknadeildar, en leiðbeinandi sér um að leiðbeina nemanda í lokaverkefni.

Doktorsnefnd

Læknadeild skipar 3-5 aðila í doktorsnefnd nemanda eins fljótt og auðið er eftir að rannsóknaráætlun hefur verið samþykkt og sendir nefndarmönnum skipunarbréf. Í nefndinni skulu sitja; umsjónarkennari, leiðbeinandi/leiðbeinendur og tveir/fjórir aðrir og skal a.m.k. einn þeirra vera utan þeirrar stofnunar/rannsóknarstofu/námsbrautar/fræðasviðs sem verkefnið er unnið við. Doktorsnefnd fer yfir, kemur með ábendingar um og samþykkir rannsóknaráætlun og námskeiðsáætlun ef við á. Hún fylgist með framvindu doktorsverkefnis og annarri námsframvindu og tryggir gæði námsins. Doktorsnefndir skulu funda með doktorsnema eigi sjaldnar en árlega og senda umsjónarmanni framhaldsnáms rnn.laeknadeild@hi.is fundargerð á eyðublaði sem má nálgast [hér](#).

Skipt um leiðbeinanda/umsjónarkennara

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að skipt er um leiðbeinanda/umsjónarkennara, t.d. ef nemandi skiptir um verkefni. Nemandinn ræðir slíkt fyrst við leiðbeinanda/umsjónarkennara sinn og sendir síðan erindi til RNN með milligöngu verkefnisstjóra framhaldsnáms.

Hætti leiðbeinandi/umsjónarkennari störfum eða er fjarverandi vegna rannsóknamissis, veikinda eða af öðrum ástæðum getur verið nauðsynlegt að fá annan aðila til samvinnu um leiðbeiningu/umsjón nemandans.

Loks getur samstarfsgrundvöllur nemanda og leiðbeinanda/umsjónarkennara brostið, til dæmis ef annar aðilinn telur að hinn hafi ekki uppfyllt skyldur sínar. Í slíkum tilvikum geta bæði nemandinn og leiðbeinandinn/umsjónarkennarinn óskað eftir því við RNN að vera leystur frá samstarfinu.

Hlutverk nemanda

Nemandinn er ábyrgur fyrir námi sínu og lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð. Nemandi kynnir sér og fer eftir þeim reglum sem gilda í Læknadeild. Mikilvægt er að hann fylgi ráðleggingum umsjónarkennara og leiðbeinanda og taki tillit til þeirra athugasemda sem gerðar eru. Jafnframt er hann ábyrgur fyrir að halda umsjónarkennara og leiðbeinanda upplýstum um gang mála og leita samþykkis varðandi kynningar á verkefni, umsóknir um styrki og annað sem tengist verkefninu út á við. Nemandinn ber ábyrgð á því að skila inn framvinduskýrslu um námið fyrir 1. des og 1. maí ár hvert. Framvinduskýrslan er send út sem rafræn könnun af verkefnisstjóra framhaldsnáms.

Námsframvinda og framvinduskýrslur

Verkefnisstjóri framhaldsnáms sendir eyðublað fyrir framvinduskýrslu til nemenda. Framvinduskýrslum skal skilað til deildar fyrir 1. desember fyrir haustmisseri og fyrir 1. maí fyrir vormisseri. Framvinduskýrslur eru m.a. notaðar til að meta þreyttar einingar. Umsjónarkennari þarf að staðfesta framvinduskýrslur og skila inn upplýsingum um hvert hafi verið vinnuhlutfall milli umsjónakennara og leiðbeinanda. Þessar upplýsingar eru notaðar til að reikna út greiðslur til umsjónakennara og leiðbeinanda. Þegar þessar upplýsingar eru komnar á borð deildar er beiðni um skráningu á einingum fyrir rannsóknaverkefni send til nemendaskrár. Nemendaskrá skráir einingar fyrir viðkomandi misseri. Síðustu 30 einingarnar eru skráðar í lok náms, eftir doktorspróf.

Námsleyfi

Ætli nemandi að gera hlé á námi sínu þarf hann að sækja um það til rannsóknarnámsnefndar. Eyðublað er hægt að nálgast [hér](#) og þarf umsóknin að berast til verkefnisstjóra framhaldsnáms. Veiti nefndin samþykki sitt þarf nemandinn að gera grein fyrir leyfinu við nemendaskrá og greiða leyfisgjald fyrir þann tíma sem hann er fjarverandi.

Miðbiksmat

Þegar doktorsnám er u.þ.b. hálfnað (eigi síðar en einu ári fyrir áætluð námslok) skal fara fram ítarlegt mat á stöðu verkefnisins. Fyrir [miðbiksmatið](#) (nefnt miðbikspróf í reglum) skrifar doktorsneminn stutta samantekt um verkefnið og helstu niðurstöður sem hann sendir til doktorsnefndar og býður nefndarmönnum til kynningar á verkefninu. Á grundvelli hennar og umræðna er metin þekking doktorsnemans og staða verkefnisins með tilliti til þess hvort efniviður sé nægur og hæfilegur fyrir doktorsritgerð. Er slíkt mat nauðsynlegt skilyrði fyrir doktorsvörn. Æskilegt er að hafa kynninguna opna. Þeir sem eiga að vera viðstaddir eru leiðbeinandi og umsjónarkennari ásamt doktorsnefnd. Umsjón með matinu hefur fulltrúi frá RNN og stýrir hann umræðum. Þessi aðili skal hvorki vera leiðbeinandi né umsjónarkennari doktorsnemans.

Skrif og frágangur doktorsritgerðar

Við skrif doktorsritgerðar skal fylgja hefðbundnum vinnubrögðum um frágang slíkra verkefna ([sjá leiðbeiningar á vefsíðu Heilbrigðisvísindasviðs](#)). Bent er á að í [Ritveri Hugvísindasviðs](#) geta allir nemendur HÍ pantað viðtalsfund og fengið góð ráð um hvers kyns úrlausnarefni sem tengjast fræðilegum ritgerðum, skýrslum eða öðrum skriflegum verkefnum. Fara skal með heimildir skv. [APA 5th PhD stíl](#). Skammstöfun heita tímarita á að vera í samræmi við alþjóðlegan staðal ([Index Medicus - abbreviations of journal titles](#)). Ætlast að nemendur noti heimildaskráningarforrit, t.d. *Endnote* og *Endnote Web*. Læknadeild notar eigið [sniðmát](#). Vinsamlegast styðjist við fyrirmæli í sniðmáttinu um frágang ritgerðarinnar. Doktorsritgerðin skal vera á ensku. Eindregið er ráðlagt að hún sé yfirfarin af fagmanni í ensku. Ritgerðinni skal fylgja ágríp á íslensku. Próförk skal yfirfara af gaumgæfni.

Ýmsar prentstofur hafa prentað sniðmátið s.s. [Háskólaprent](#), [Leturprent](#), [Pixel](#) og [Samskipti](#) og ekki er útilokað að skipta við aðra. Nemendum er bent á að fá tilboð í prentun ritgerðar. Doktorsritgerð skal prenta í B5 stærð. Sniðmátið er í A4 stærð og er ætlast til að það verði kvarðað niður í stærð B5 í lokaprentun. Ritgerðin skal vera á hefðbundnum 80/100 gramma

gæðapappír. Kápan skal vera í litum Heilbrigðisvísindasviðs úr stífum pappa. Hefta skal ritgerðina eða líma í kjölinn.

Skil á lokaverkefni til doktorsvarnar

Þegar doktorsnefnd metur að lokaverkefnið sé tilbúið til varnar og hefur farið yfir og staðfest að námsferill sé í lagi óskar nefndin eftir því við RNN að fram fari doktorsvörn (sjá nánar [undirbúningur doktorsvarna](#) á innri vef HVS). Doktorsnefnd skilar ítarlegu mati á handriti að ritgerð og hæfi doktorsefnis í [bréfi](#) til Læknadeildar. Á til þess gerðu [eyðublaði](#) setur doktorsnefnd einnig fram rökstuddar tillögur um tvo andmælendur. Mikilvægt er að aðsetur og tölvupóstföng andmælenda fylgi, sem og ritalisti þeirra og stutt ferilskrá (CV) eða krækja á þessar upplýsingar. [Miðstöð framhaldsnáms](#) (MF) veitir umsögn um andmælendur við doktorsvörn. Bréfi doktorsnefndar og eyðublaði til MF skal skila til verkefnisstjóra framhaldsnáms í tölvupósti. Allir meðlimir doktorsnefndar verða að skrifa undir bréfið og undirritað bréf þarf að berast skrifstofu Læknadeildar a.m.k. 3 mánuðum fyrir áætlaða dagsetningu varnar. RNN leggur mat á hæfi og skipar tvo andmælendur sem MF hefur metið að uppfylli reglur HÍ um hæfi. Báðir andmælendur eiga sæti í dómnefnd ásamt þriðja aðila skipuðum af RNN, sem jafnframt er formaður dómnefndar. Verkefnisstjóri sendir andmælendum formlega fyrirspurn um hvort þeir taki að sér starfið og ákveður prófdag í samráði við andmælendur, doktorsefni og umsjónakennara. Ritgerð skal síðan skilað til skrifstofu Læknadeildar í 4 eintökum ásamt PDF skjali í tölvupósti til verkefnisstjóra í síðasta lagi 8 vikum fyrir áætlaða vörn. Ritgerð verður að vera á endanlegu formi en ekki innbundin.

Doktorsefni lætur prenta ritgerð þegar dómnefndarálit liggur fyrir og skilar 7 eintökum til deildar 7 dögum fyrir vörn. Með prentaðri útgáfu af ritgerðinni þarf að fylgja undirrituð [yfirlýsing um meðferð verkefnisins](#). Athugið að ekki er mælt með því að verkefni sé lokað nema í undantekningartilvikum. Auk þess þarf kandídat að skila einu árituðu eintaki af ritgerð í doktorsherbergi á varnardegi. **Einnig þarf að skila endanlegri útgáfu ritgerðarinnar á tölvutæku formi (PDF) á vefinn [Opin vísindi](#). [Nánari upplýsingar um skil á stafrænu eintaki má finna hér](#).** Doktorsritgerð skal liggja frammi þegar vörn fer fram. Fyrir endanlega prentun doktorsritgerðar þarf doktorsefnið að tryggja í samráði við Þjóðarbókhöfðu að fengið sé ISBN númer vegna rétttrar skráningar doktorsritgerðarinnar og tryggja að fremst í ritgerðinni sé prentaður útdráttur á ensku og íslensku á lausu blaði þar sem fram kemur nafn Háskóla Íslands, nafn doktorsefnis, heiti ritgerðar og efni ritgerðarinnar ásamt alþjóðlegum skráningarnúmerum.

Doktorsvörn

Nemendur ljúka námi með því að verja ritgerð sína. [Doktorsvörn](#) er hátíðlegur atburður, virðingarauki fyrir Háskólann, Læknadeild, doktorsefni og þá aðra sem að vinnu doktorsefnis og undirbúningi doktorsvarnar koma. Meginmarkmið doktorsvarnar er að fá fram faglegar umræður milli andmælenda og doktorsefnis um doktorsritið sem tekið er til varnar. Doktorsefni þurfa þar að sýna fram á þekkingu sína á viðfangsefninu. Einnig er æskilegt að doktorsefni sýni hæfileika sína sem fyrirlesari. Þess vegna er vörn skipt í tvo hluta, þ.e. fyrirlestur doktorsefnis og síðan umræður um efnið. Deildarforseti eða varadeildarforseti

stýra athöfninni. Doktorsefni skal hefja mál sitt á því að þakka Læknadeild Háskóla Íslands fyrir að taka doktorsritgerðina gilda til varnar. Að loknum umræðum doktorsefnis og andmælenda fer fram stuttur fundur andmælenda og doktorsnefndar undir stjórn deildarforseta og síðan tilkynnir hann hvort vörnin hafi verið dæmd gild. Síðan þakkar nýdoktorinn deildarforseta fundarstjórnina, andmælendum fyrir þeirra störf og öðrum þeim er hann kýs að færa opinberar þakkir. Loks skal doktorinn þakka Háskóla Íslands þann heiður sem honum er sýndur með því að útnefna hann til doktorsgráðu og óska Háskólanum allra heilla.

Í skilum við bókasöfn

Nemandi þarf að vera í skilum við Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn og Heilbrigðisvísindabókasafn LSH a.m.k. hálfum mánuði fyrir brautskráningu. Einnig þarf hann að hafa verið skráður nemandi Háskóla Íslands og hafa greitt skrásetningargjald allan námstímamann. Um þetta má lesa nánar í [Kennsluskrá](#).

Doktorsverkefni brautskráðra doktora frá Læknadeild


Á vef Læknadeildar er að finna útdrætti og upplýsingar um [doktorsverkefni](#) brautskráðra doktora frá Læknadeild HÍ. Doktorsverkefni eru varðveitt á vefnum [Opin vísindi](#) og í [Skemmunni](#), rafrænum gagnasöfnum námsritgerða og rannsóknarita. Nemendur ákveða í samráði við leiðbeinanda meðferð sinna verkefna þar og aðgang að þeim.

Reglur um doktorsnám og viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Læknadeild og Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands


- [Reglur um doktorsnám og doktorspróf við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, nr. 890/2016](#)
- [Viðmið og kröfur um gæði doktorsnáms við Háskóla Íslands](#)
- [Viðmið fyrir gæði í doktorsnámi við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands](#)
- [Miðstöð framhaldsnáms við Háskóla Íslands](#)
- [Lög og reglur Háskóla Íslands](#)

Yfirlit yfir doktorsnám í Læknadeild

Námsbyrjun



Námsframvinda



Námslok

